



Landbúnaðarnefnd Blönduós bæjar - 7. fundur
haldinn Húnabraut 13, 21. ágúst 2015
og hófst kl. 16:00

Fundinn sátu:

Gauti Jónsson, formaður
Anna Margrét Jónsdóttir, aðalmaður
Þórður Pálsson, aðalmaður

Fundargerð ritaði: Anna Margrét Jónsdóttir,

Dagskrá:

1. Göngur og réttir 2015 - 1508014

Gauti Jónsson lagði fram drög að gangnaseðli fyrir haustið 2015. Einnig lagði hann fram fjárhagsáætlun vegna gangna- og réttarstarfa. Lagt er til að fjallskilaeining hækki um 20 kr., landgjald um 1 kr., og dagsverk um 500 kr. Lagt er til að greitt verði 1,5 dagsverk fyrir hjólagöngur. Fjárhagsáætlun lítur þá svona út.

Tekjur fj. verð

*Fjallskilaein. hross 1.720 320 550.400
Fjallskilaein hross Bl.ós 75 426 31.992
Fjallskilaein. fé 3.149 320 1.007.680
Landgjald 14.271 23 328.233
veiðiarður 418.000
2.336.305*

Gjöld

*Fjallsk.kostnaður 1.662.700
Flutningur fénaðar 250.000
Girðingarviðh. o.fl. 260.000
Kaffi 40.000
2.212.700*

mismunur 123.605 kr.

*Dagsverk í Tröllabotnum og Laxárdal eru á 11.500 kr., alls 73 dagsverk
Dagsverk í Langadalsfjalli og Skarðsskarð eru á 10.500 kr., alls 66 dagsverk.*

*Hirðing í útréttum er á 11.500., alls 3 dagsverk.
Rekstur frá Þverá er á 3.600 kr., alls 17 dagsverk.*

Fyrri göngur á Laxárdal verða 4. sept, í Tröllabotnum og Langadalsfjalli 5. sept og fyrri réttir í Skrapatungurétt 6. september. Furri göngur í Skarðsskarði verða 12. september.



Seinni göngur í Tröllabotnum verða 18. sept á Laxárdal 19. sept. seinni réttir 20. september.

2. Skrapatungurétt - 1509006

Landbúnaðarnefnd lýsir ánægju sinni yfir þeim viðgerðum sem búnar eru við Skrapatungurétt. Nefndin leggur áherslu á að þeim viðgerðum verði að fullu lokið á 60 ára afmæli réttarinnar 2017.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.
